

Mál nr. 306/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V1 og V2

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. ágúst 2022.
2. Tölvupóstur V1, dags. 25. október 2022, ásamt fylgiskjöllum.
3. Tölvupóstur V2, dags. 28. september 2022, ásamt fylgiskjöllum.
4. Viðbótarframburður M, dags. 15. nóvember 2022, ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, sem eigandi bifreiðarinnar A, tilkynnti um tjón á bifreið sinni sem hún telur að megi rekja til foks á jarðefni frá bifreiðinni B, er bifreiðarnar mættust þann 13. maí 2022 á Suðurlandsvegi við Hellu. Bifreið B er vátryggð hjá V2 og bifreið A er vátryggð hjá V1. Kveðst M hafa náði bílnúmeri bílsins og haft strax samband við lögreglu. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem haft er eftir M að hún hafi snúið strax við og fundið bifreiðina B á Hellu. Hafði lögregla samband við X, skráðan eiganda bifreiðarinnar B sem kvaðst hafa verið á þessari leið, en hann kvað sig ekki vera ábyrgan, heldur aðra bifreið frá fyrirtækinu Y sem var fyrir aftan hans bifreið. Kvaðst X hafa verið að flytja sand og ekki haft segl yfir bifreiðinni. M vísar til myndbands af tjóni á bifreiðinni A sem tekið var strax eftir atburðinn.

V1 skilar ekki inn frekari greinargerð en vísar til lögregluskýrslu og myndbands af tjóni.

V2 telur ósannað að gegn staðfastri neitun ökumanns B, að tjónið á bifreiðinni A sé af völdum bifreiðarinnar B. V2 hafnar því bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um hvort sannað sé að tjón sem varð á bifreiðinni A, megi rekja til jarðefnis sem fauk af bifreiðinni B hinn 13. maí 2022. Ökumaður bifreiðarinnar B neitar því ekki að hafa verið að aka á þeim slóðum sem atvikið átti sér stað og var að flytja laust jarðefni án þess að notast við yfirbreiðslu til að sporna því að ryk, sandur eða mól gæti fallið af ökutækinu. Hann kveður hins vegar að tjónið megi rekja til annarrar bifreiðar sem ók á eftir bifreið hans í umrætt sinn. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar varðandi það hvort M hafi reynt að hlutast til um að frekari upplýsingar yrðu fengnar um ökumann þeirrar bifreiðar eða að tekin yrði framburðarskýrsla af þeim ökumanni. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. M leitaði ekki til lögreglu vegna atviksins fyrr en 26. júní 2022, rúmum mánuði eftir að tjónsatvikið átti sér stað. Engin vitni voru að tjónsatvikinu og gegn neitun ökumanns B, verður M að bera hallan af sönnunarskorti í málinu. Á M, sem eigandi bifreiðarinnar A, því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir